

Austurmörk hins gamla kirkjugarðs Víkurkirkju

Glærur um Víkurgarð, lagðar fyrir
borgarráðsfund 23. 11. 2017

(Friðrik Ólafsson, Helgi Þorláksson, sr.
Þórir Stephensen

Röng mörk hins forna kirkjugarðs Víkurkirkju í umsögn skipulagsfulltrúa frá 27.10. 2017. Til skýringar:

- Schierbeck landlæknir hlaut vesturhluta hins gamla kirkjugarðs fyrir skróðgarð 1883.
- Lyfsalarnir Randrup og Krüger hlutu austasta hluta kirkjugarðsins 1862, 1879 og 1883, Krüger til trjáræktunar.
- Hluti Schierbecks var nefndur Fógetagarður síðar en 1999 ákvað borgarráð að nefna hann Víkurgarð.
- Lyfsalahlutinn varð út undan í umfjöllun skipulagsfulltrúa frá 27.10. 2017.

Víkurgarður á uppdrætti 2013




Umsögn skipulagsfulltrúa (starfsmanna á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs) 27.10. 2017:

- „Ekki er verið að heimila byggingu í Víkurgarði sjálfum. Vert er að leiðrétta þann misskilning hér með“.

En svo segir litlu aftar í sömu umsögn skipulagsfulltrúa:

- „Í ljós kom að Víkurgarður [**svo!**]náði áður fyrr um tæpa átta metra inn á Landsímareitinn til austurs“. [Væntanlega sótt til Völu Garðarsdóttur. fornleifafræðings.]


Uppdráttur Pósts og síma, 1966. Tillaga að lausn (A5050).



Grafið var fyrir undirstöðum viðbyggingar við Landsímahús 1967, fimm kistur voru teknar upp og bein flutt brott. Öðrum gröfum skyldi hlíft. Talið er viðbúið að enn séu grafir undir gólfi viðbyggingarinnar.

- Umsögn Borgarsögusafns, 6. október 2017, um viðbyggingu Landsímahúss:
„Búast má við því að undir húsinu sé enn að finna grafir sem ekki eru þekktar“.

Áskorun: Kristján Eldjárn og Sigurbjörn Einarsson lögðu sig fram um að virða og vernda grafir, undir viðbyggingunni, og við megum ekki verða eftirbátar þeirra.




Frá Örnólfi Hall

- Glæra nr. 7 sýnir uppdrátt frá Örnólfi Hall. Skýringar:
 - I a. Eldri bygging Landsimans.
 - I b. Viðbygging frá 1967 (bláar línur).
 - II. Lyfjabúðin sem var.
 - IV. Rauði ferhyrningurinn (12mx12m) uppgriftarsvæði 2016 með fornum gröfum.
 - 1-5 Nokkrir þekktir síðustu legstaðir.
-
- 1) Rauðu útlínurnar eru umfang Víkurgarðs skv. Árna Óla.
 - 2) Fjólubláu línurnar eru ætlað hótél, byggt á gröfunum.

Uppgröftur á útmánuðum 2016 í Víkurgarði

- Rannsakaðar voru 32 grafir. Þarna voru *um 20 heillegar kistur með heillegum beinagrindum*.
- Allar jarðneskar leifar sem komu í ljós verða „jarðsettar á helgum stað“ (Úr umsögn skipulagsfulltrúa)
- Mætti koma hinum jarðnesku leifum fyrir á sama stað.

Ætluð austurmörk fyrir miðju viðbyggingar við Landsímahús.
Miðað er við 57 m frá gangstéttarbrún í Aðalstræti (Lengd skv.
upplýsingum frá 1825). Ónákvæmt. Skástrik sýna tilgátu um
kirkjugarð.



Reykjavík um 1820 (Moltke). „Að austan er grjótgarður, studdur að innan af moldaruppfyllingu“ (svo 1825).



Geymsluhús vestast á lóð lyfjabúðar (3) talið standa þar sem kirkjugarðsveggur var. (Herforingjaráð 1902.)



Lyfjabúðin og lóð hennar að Fógetagarði. Vestast er steinkjallari þar sem komu upp bein 1915. Þá er geymsluhús austar og stendur að hluta á stað hins gamla garðveggs. eftir því sem fróðir fullyrtu 1915. (Frá 1929)



Kröfur til borgarráðs

- Skipulagsfulltrúi endurskoði umsögn sína og miði við hin raunverulegu austurmörk Víkurkirkju.
- Borgarsögusafn skýri hvar austurmörkin lágu.
- Óskað sé eftir áliti borgarlögmanns um gildi laga um kirkjugarða (36/1993) og eldri laga viðvíkjandi austurhluta hins forna kirkjugarðs Víkurkirkju.
- Hinn forni kirkjugarður Víkurkirkju sé allur varðveittur sem almenningsgarður, alveg að gömlum austurmörkum.